

UMSÖGN

Viðtakandi: Skipulags- og samgönguráð

Sendandi: Skipulagsfulltrúi

Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins vegna verslunar í Úlfarsárdal (US210331)

Á fundi skipulags- og samgönguráðs dags. 24.11.2021 var lögð fram eftirfarandi tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins sem vísað til umsagnar hjá umhverfis- og skipulagssviði, skipulagsfulltrúa:

Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að borgar- og skipulagsyfirvöld beiti sér fyrir að matvöruverslun/verslanir komi í Úlfarsárdal og séu helst staðsettar þannig að þær séu í göngu- eða hjólaferi fyrir sem flesta. Einnig eru borgaryfirvöld hvött til að beita sér fyrir því að matvöruverslun komi nálægt Bauhaus en þar eru næg bílastæði fyrir hendi. Nú er þetta hverfi um 15 ára og var lofað að það yrði fljótt sjálfbært. Það loforð hefur ekki verið efnt. Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að skipulagsyfirvöld beiti sér í þessum efnum. Í hverfinu er ekki ein einasta matvöruverslun hvað þá veitingastaður.

Svar

Í heildarendurskoðun á deiliskipulagi Úlfarsárdals sem tók gildi í febrúar árið 2018, var ein lóð skilyrt fyrir stóra matvöruverslun og annars konar verslun og þjónustu á jarðhæðum. Í síðustu breytingu Aðalskipulags Reykjavíkur var lóðin skilgreind sem hverfiskjarni. Embætti skipulagsfulltrúa hafa borist óskir um að breyta þessari lóð íbúðarlóð og því alltaf verið synjað, sbr. umsögn skipulagsfulltrúa frá 4. október 2019. Byggingarleyfi hafa verið gefin út fyrir alla uppbyggingu á lóðinni. Gert er ráð fyrir íbúðum á efri hæðum. Við Jarpstjörn er gert ráð fyrir húsnæði fyrir stórmarkað og fylgirými upp á 800m². Við Urðartorg býður hönnun jarðhæðar upp á fjölbreytta notkun, t.d. veitingastað, kaffihús, sjoppu eða bakarí. Hægt verður að opna út á torgið á góðviðrisdögum. Við Skyggnisbraut býður hönnun jarðhæðar upp á smærri og fjölbreyttari atvinnustarfsemi, t.d. blómabúð, snyrtistofu, hárgreiðslustofu eða skrifstofu. Hönnun lagna þar býður upp á að auðvelt er að aðlaga þær að þeim þörfum starfseminnar sem óskað er eftir. Í samtali við arkitekt bygginganna á lóðinni kom fram að öll húsin á lóðinni eru í uppbyggingu núna.

f.h. skipulagsfulltrúa
Hrafnhildur Sverrisdóttir, arkitekt FAÍ og verkefnastjóri